

**Nr. 17-067 S 047 *Mardís SU 64******Bílað stýri og dregin til hafnar***

*Skipaskr.nr.* 1802  
*Smíðaður:* Rönnang Svíðþjóð 1987, plast  
*Útgerð:* Hrafnakambur ehf, Stöðvarfirði.  
*Stærð:* 5,4 brl. 6,5 bt.  
*Mesta lengd:* 8,68 m *Skráð lengd:* 8,53 m  
*Breidd:* 2,9 m *Dýpt:* 1,06 m  
*Vél:* Volvo Penta 117 kW 1997  
*Fjöldi skipverja:* 1



Mardís©Ingibjörg Eyþórsdóttir

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynt, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 24. maí 2017 var *Mardís SU 64* á strandveiðum út af Breiðsdalsvík. Veður: SSV 5 m/s.

Skipstjóri hafði samband við Vaktstöð siglinga á rás 16 og óskað eftir aðstoð þar sem báturinn væri með bílað stýri. Björgunarskipið *Hafdís* frá Fáskrúðsfirði dró *Mardísi* til hafnar á Stöðvarfirði.

***Við rannsókn kom fram:***

- að gat kom á glussaslöngu fyrir stýrið;
- að festing fyrir glussaslöngur hafði ryðgað í sundur og boltinn fyrir festinguna nuddað gat á glussaslönguna.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.